

Nd.

409. Frumvarp til laga

[201. mál]

um lántökuheimildir fyrir ríkissjóð.

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán og endurlána Framkvæmdasjóði Íslands eða ábyrgjast lán fyrir sjóðinn að fjárhæð allt að 300 millj. kr. eða jafngildi þess í erlendri mynt.

2. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka allt að 180 millj. kr. lán í þýzkum mörkum til byggingar hafrannsóknaskips.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nýlega var gengið frá samningum um byggingu hafrannsóknaskipsins Bjarna Sæmundssonar í Þýzkalandi. Hafa fengið mjög hagstæð lán til byggingar skipsins, er endurgreiðast á 12 árum með 5½% vöxtum. Á fjárlögum fyrir árið 1969 var heimild til ríkisstjórnarinnar til að ábyrgjast allt að 185 millj. kr. lán vegna byggingar þessa skips. Var þá gert ráð fyrir því, að Hafrannsóknastofnunin tæki lánið, en ríkissjóður ábyrgðist það. Við samninga um lán þetta hefur hins vegar komið í ljós, að hagstæðara væri, að ríkissjóður tæki sjálfur lán þetta fyrir hönd Hafrannsóknastofnunarinnar. Er því óskað heimildar þessarar, enda verður þá ekki notuð fyrrgreind fjárlagaheimild.

Samkvæmt frumvarpi þessu er ríkisstjórninni veitt heimild til að taka lán og endurlána Framkvæmdasjóði eða ábyrgjast lán fyrir Framkvæmdasjóð allt að 300 millj. kr. Er hér um að ræða rammaheimild, er væntanlega verður notuð á allöngum tíma. Í lögum nr. 66/1966 um Framkvæmdasjóð, Efnahagsstofnun og Hagrád, er ekki að finna neinar sérstakar lántöku- eða ábyrgðarheimildir til handa ríkisstjórninni vegna Framkvæmdasjóðs umfram það að ábyrgjast lán, er Framkvæmdasjóður yfirtók af Framkvæmdabanka Íslands. Eigi Framkvæmdasjóður hins vegar að gegna hlutverki sínu sem skyldi, virðist nauðsynlegt, að fyrir hendi sé heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka lán og endurlána sjóðnum eða ábyrgjast lán fyrir sjóðinn í erlendri mynt. Umráðstöfun slíks lánsfjár mundi að sjálfsögðu fara eftir ákvörðun hinnar þingkjörnu stjórnar Framkvæmdasjóðs.

Um ráðstöfun á fé Framkvæmdasjóðs er það hins vegar að segja, að hann veitir fé annars vegar til fjárfestingarlánasjóða, er veita einstök lán til framkvæmda, en hins vegar til meiri háttar opinberra framkvæmda. Vegna skorts á innlendu lánsfé að undanfögnu, hefur þurft að afla Framkvæmdasjóði erlends lánsfjár, til þess að hann gæti séð fjárfestingarlánasjóðum fyrir eðlilegu starfsfé. Auk hinnar almennu fjárþarfar fjárfestingarlánasjóðanna eru nú fyrirhugaðar ýmsar meiri háttar framkvæmdir, er Framkvæmdasjóður mun væntanlega þurfa að veita lán til. Er þar fyrst og fremst að nefna stækkun Áburðarverksmiðjunnar. Útlánaáætlun fyrir Framkvæmdasjóð á árinu 1969 er nú í undirbúningi og verður hún lögð fyrir Alþingi til upplýsinga, eftir að um hana hefur verið fjallað í stjórn Framkvæmdasjóðs. Eitt af því, sem auka mun lánsfjárbörf Framkvæmdasjóðs á næstunni er það, að nokkur hluti starfsfjár hans er tiltölulega stutt lán, er hann tók við af Framkvæmdabankanum. Ef endurgreiðsla þessara lána á ekki að skerða verulega ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs á þessu og næstu árum, er nauðsynlegt, að aflað verði nýrra langra lána í þeirra stað. Má vænta þess, að lántökuheimild, sem hér er farið fram á, verði að nokkru notuð í þessu skyni.